

14. stjórnarfundur Fimleikasambands Íslands haldinn þriðjudaginn 18. september kl 17:00 á skrifstofu FSÍ, Engjateigi 6.

Mættir: Þorgerður Laufey Diðriksdóttir formaður, Arnar Ólafsson varaformaður, Einar Ólafsson, ritari og Jósep Húnfjörð meðstjórnandi. Auk þess sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar, Íris Svavarsdóttir formaður tækninefndar í hóp fimleikum og Sandra Matthíasdóttir fulltrúi í tækninefnd kvenna. Jafnframt sátu fundinn Helgi Jóhannesson framkvæmdarstjóri FSÍ, Davíð Ingason verkefnastjóri í áhaldafimleikum og Sólveig Jónsdóttir verkefnastjóri í hóp fimleikum.

Friðbjörn Möller, gjaldkeri, Hlíf Þorgeirsdóttir, formaður nefndar um fimleika fyrir alla boðuðu forföll.

Formaður setur fundinn kl 17.05 og býður Söndru Matthíasdóttur velkomna á sinn fyrsta fund stjórnar FSÍ.

Dagskrá

1. Erindi frá THF um frestun haustmóts hóp fimleika.

THF óskar eftir breytingu á mótaskrá; haustmót í hóp fimleikum var áætlað 5-7 október nk. THF leggur til að mótið verði helgina 23-25 nóvember.

Greinagerð: komið hefur í ljós að haustmót í hóp fimleikum er of snemma í ár og mörg félög hafa kvartað yfir tímasetningu og lagt til að mótinu verði frestað um sex vikur. Jafnframt er Norðurlandamót U-16 drengja í áhaldafimleikum þessa sömu helgi.

Erindið samþykkt í tölvupósti milli funda

Stjórn FSÍ, að ósk Tækninefnd hóp fimleika, hefur ákveðið að fresta haustmóti í hóp fimleikum sem halda átti 5-7. október og flytja það til 23-25 nóvember. Það var vegna óska félaga sem töldu sig ekki tilbúin í þetta mót og amk tvö félög sem alla jafna taka þátt í hóp fimleikamótum, höfðu ákveðið að taka ekki þátt að þessu sinni. Þessi rök voru til grundvallar ákvörðun tækninefndar í hóp fimleikum.

2. Breytingar á Tækninefnd karla.

Axel Bragason tilkynnti afsögn sína úr tækninefnd karla á fundi TK þann 3. sept. sl. Guðjón Guðmundson hefur leyst hann af í forföllum hans

Málið rætt

Bókun: stjórn FSÍ þakkar Axeli Bragasyni fyrir fórnfúst starf í þágu fimleika á Íslandi. Axel hefur verið einn fremsti karladómari Íslands til langs tíma og hefur lagt sitt að mörkum til framþróun íþróttarinnar hér á landi. Hann var einn aðalhöfundur íslenska fimleikastigans 2009-2013, og hefur haldið fjölmörg námskeið fyrir dómara á Íslandi. Axel hefur gengt mörgum trúnaðarstörfum fyrir FSÍ hérlendis sem og erlendis, ýmist sem dómari eða þjálfari og nú síðast sem formaður tækninefndar sem áheyrnarfulltrúi í stjórn FSÍ.

Stjórn FSÍ óskar eftir því að Guðjón Guðmundsson taki að sér formennsku í tækninefnd karla. Verkefnastjóra áhaldafimleika er falið að finna einstakling sem fulltrúa í tk, eftir þeim tilnefndum einstaklingum sem komu fram á fundinum.

3. Dagskrá formannafundar 22. september

Drög að dagskrá formannafundar sem halda á 22. september kl 13 í húsnæði Stjórnunnar.

- Nýjar móta- og keppnisreglur.
 - Breyting á aldurstengingu í þrepum drengja (áhaldafimleikum)
 - Breyting á tilhögun verðlaunapeninga
 - Breytingar á reglum um greiðslur
- Mótadagskrá 2012-2013
 - greiðsla fyrir dómgæslu
- Landsliðsmál FSÍ, drög að skipuriti
 - nýtt skipulag FSÍ, staða sviðsstjóra landsliðsmála
 - úrvalshópar FSÍ, í hverju felst sú uppsetning
- Nýr vinkill, kynna út á hvað það gengur og ávinningur fyrir félögin.
- Iðkendafjöldi félaga.
 - skipt eftir keppnisgreinum/æfingargreinum.
 - Til að fylgjast með þróun einstakra æfingagreina.

4. Staða afreksstefnu

Minnisblað lagt fram. Fyrir tæpu ári var lagt í mikla vegferð með að skrifa Afreksstefnu FSÍ með það að markmiði að klára það verkefni fyrir Fimleikahópið.

Haldnir voru fundir og ráðstefnudagar með mörgu málsmetandi fólki í hreyfingunni og var lögð í þetta mikil vinna af mörgum.

Verkefnið var ekki klárað fyrir Fimleikahópið en drög að stefnunni voru kynnt þar.

Anna Gréta Ólafsdóttir fékk síðan eftir þingið það verkefni, í samhengi af meistaraverkefni sínu í háskólanum, að koma afreksstefnunni á format sem hæfði henni og fara um hana höndum svo hægt væri að segja að ekkert vantaði eða væri ofaukið, sem sagt að setja professional yfirbragð yfir þessa afurð.

Eftir þingið hafa ýmsar hugmyndir sem unnið var með í þessari vinnu komið að borði stjórnar en eftir stendur að klára verkefnið.

Málið rætt.

Bókun stjórnar FSÍ mikilvægt er að fylgja eftir því góða starfi sem unnið var í kringum afreksstefnu FSÍ og leggja fram á næsta þingi. Mikið verk hefur verið unnið við gerð stefnuna og margir þeir þættir sem þar eru nefndir hafa þegar komið til framkvæmda.

Framkvæmdarstjóri og verkefnastjóri í áhaldafimleikum er falið að klára ferla varðandi heilbrigðishluta Afreksstefnu FSÍ.

5. Þátttaka á World Cup-Ostrava Challenge Cup.

Verkefnastjóra í áhaldafimleikum leggur Ísland taka þátt í Challenge Cup þann 23-24 nóv 2012 í Ostrava Tékklandi. Jafnframt óskar verkefnastjóri í áhaldafimleikum eftir því að FSÍ

greiði kostnað fyrir þjálfara og dómara á mótið og geri þannig allt að 4 keppendum kleift að taka þátt í mótinu.

Greinargerð:

Stúlkurnar okkar eru meðal bestu fimleikakvenna á norðurlöndum í sínum greinum. Við megum senda 4 stúlkur á þetta mót og mælist verkefnastjóri til að það verði gert enda mikilvægt að styðja vel við þá góðu bylgju sem áhaldafimleikar kvenna eru í um þessar mundir.

Málið rætt

Stjórn FSÍ samþykkir að skrá 4 þátttakendur til þátttöku á World Cup og greiða kostnað við 1 þjálfara og greiða jafnframt hugsanlega sekt vegna skorts á dómara.

6. Erindi frá Verkefnastjóra áhaldafimleika vegna þjálfara MAG á NEM/NMU16 og val á landsliði.

Verkefnastjóri landsliða leggur til að Gennady Zadorozhnyy verði landsliðsþjálfari karla fyrir NEM og NMU. Einnig leggur verkefnastjóri það til að Gennady verði falið að velja í liðin og vera að fullu ábyrgur fyrir þeirri framkvæmd.

Málið rætt

Stjórn FSÍ samþykkir tillögu verkefnastjóra í áhaldafimleikum.

7. Erindi frá THF vegna RIG.

Tækninefnd hóp fimleika fjallaði um bókun stjórnar FSÍ frá 12.stjórnarfundi, 16.ágúst 2012, þar sem stjórn fimleikasambandsins óskar eftir að tækninefndi endurskoði ákvörðun sína varðandi RIG.

Beiðni frá stjórn um að taka upp málið varðandi RIG aftur. Þrýstingur frá sjónvarpi og mótshöldurum að bestu lið landsins í hóp fimleikum keppi. Rætt um málið og mjög skiptar skoðanir. Nefndin er sammála um að tímasetning mótsins sé mjög óhentug en að sama skapi einnig mikilvægt fyrir íþróttina að hún verði sýnileg í fjölmiðlum. Niðurstaðan er að keppt verður til verðlauna í einum opnum flokki á mótinu en stigin telja til stiga í deildarkeppni í meistaraflokki, 1.flokki og 2.flokki.

Stjórn FSÍ telur framkoma tillögu THF góða og þakkar THF fyrir endurskoðun á málinu og góða lendingu.

8. Fundargerð THF frá 10.sept. er lögð fram.

9. Fundargerðir TK frá 3.sept og 10.sept eru lagðar fram til samþykktar.

10. Tilkynning; Bréf frá FIG varðandi tryggingar.

Fundi slitið kl.18:45.